

PINGGERÐ
KÖRFUKNATTLIEIKSSAMBANDS
ÍSLANDS



28. ÁRSPING
1988

28. ÁRSPING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal 7. og 8. maí 1988.

FYRRI DAGUR:

1. SETNING PINGSINS OG KOSNING ÞINGFORSETA.

Formaður KKÍ, Björn M. Björgvinsson, bauð fundarmenn velkomna og setti þingið. Hann stakk upp á Hermanni Guðmundssyni sem 1. þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

2. A) KOSNING ÞINGRITARA.

Ingvar Kristinsson var kosinn þingritari og Pétur Hrafn Sigurðsson var að þingritari.

B) KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR:

Stungið var upp á:	Gísla Georgssyni Eyjólfur Guðlaugssyni Ragnari Sigurðssyni og voru þeir rétt kjörnir.
--------------------	--

3. KOSNING FASTRA NEFNDAA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

Laga- og leikreglnanefnd:

Torfi Magnússon
Eiríkur Sigurðsson
Skúli Skúlason

Allsherjarnefnd:

Kristinn Guðnason
Sigurður Hjörleifsson
Július Valgeirsson

Fjárhagsnefnd:

Kristinn Albertsson
Águst Jóhannesson
Ásgrímur Ingólfsson

Allar þessar nefndarskipanir voru samþykktar samhljóða.

4. SKÝRSLA STJÓRNAR.

Formaður KKÍ, Björn M. Björgvinsson, fór yfir helstu verkefni fráfarandi stjórnar og nefnda. Til hliðsjónar notaði hann skýrslu stjórnar KKÍ og nefnda sem fram koma í árskýrslu KKÍ 1987-1988. Skýrsla formanns var bæði löng og ýtarleg og verður ekki tiunduð hér í smáatriðum, en áhugasömum bent á árskýrslu KKÍ 1987-1988. Þó má minnast á þá hugmynd að Polar-Cup verði leikið með nýju sniði og hefjist vorið 1989, sem myndi valda því að Polar-Cup á Íslandi félli niður. Sagði Björn það sína skoðun að þó hugmyndin að breyttu fyrirkomulagi væri góð yrði að koma í veg fyrir að hún kæmi til framkvæmda fyrr en eftir Polar-Cup á Íslandi. Þannig yrði leikið með nýja fyrirkomulaginu frá og með haustinu 1989. En fremur minntist Björn á að ákveðið hafi verið

að gefa eignarbikara í yngri flokkum og taka farandbikarana úr umferð. Þetta hafi leyst það vandamál sem upp kæmi á hverju vori að finna farandbikarana, og þegar þeir hafi fundist hafi þeir verið í mjög misjöfnu ásigkomulagi. Formaðurinn minntist á blaðaskrif í vetur sem oft á tíðum hefðu verið púðurskot og til þess eins fallin að valda misskilningi hjá almenningi og hafi verið slæm auglýsing fyrir körfuknattleikinn í landinu. Hann talaði einnig um 260.000 kr. víxilinn og sagði að stjórn KKÍ hefði aldrei fengið fjárbeiðnir frá fyrverandi landsliðsnefnd. Hann kvað það rétt að landsliðsnefnd hafi sagt upp störfum, en það hafi verið vilji stjórnar og skilningur hennar að þeir hefðu verið látnir fara ef árangur í Sviss yrði ekki viðunnandi. Þetta moldviðri um 260.000 kr. víxilinn hafi eingöngu verið til að slá ryki í augu manna vegna slaks árangurs í Sviss. Einnig kom fram sú hugmynd í skýrslu formanns að stjórnin byrfti að ihuga þann möguleika að greiða mönnum fyrir þau störf sem unnin eru fyrir KKÍ. Það sé ekki hægt að ætlast til þess að menn vinni af krafti fyrir KKÍ og afræki fjölskyldu sína meira og minna. Einnig kom fram í skýrslu formanns ánægja með störf Pálmars Sigurðssonar, en hann heimsótti skóla á höfuðborgarsvæðinu og kynnti körfuknattleikinn fyrir 10 og 12 ára börnum. Nýr glæsilegur bikar í Bikarkeppni KKÍ sem gefinn var af DV-Dagblaðinu Visi, ráðning landsliðsbjálfara og margt fleira bar á góma í skýrslu formanns.

5. SKÝRLA KJÖRBRÉFANEFNDAR:

Kjörbréfaneft hafði nú lokið störfum og las Gísli Georgsson formaður hennar upp nöfn þeirra þingfulltrúa sem skráðir voru á kjörbréfin, en þau voru:

Frá í BH	Magnús Már Júliusson Sverrir Marinósson Ásgrimur Ingólfsson Ingvar Kristinsson Skúli Valtysson Sigtryggur Ásgrimsson Kristinn Guðnason
Frá í BR	Sigvaldi Ingimundarson Vala Úlfþljótsdóttir Björn Leósson Einar Bollason Torfi Magnússon Hörður Gunnarsson Hafsteinn Hafsteinsson Gunnar Svavarsson Elínborg Guðnadóttir Gísli Georgsson Kolbrún Jónsdóttir Gunnar Jóakimsson Birgir Guðbjörnsson Ingólfur Jónsson Kolbeinn Pálsson Águst Lindal
Fyrir í BA	Eiríkur Sigurðsson Kristín Jónsdóttir

	Guðmundur Guðlausson Ingibjörg Guðlaugsdóttir
Fyrir ÍBK	Skúli Skúlason Gunnar Valgeirsson Hreinn Þorkelsson Gylfi Þorkelsson Sigurður Valgeirsson
Fyrir UMSS	Friðrik Jónsson Karl Jónsson Matthias Viktorsson Björn Sigtryggsson
Fyrir ÍA	Ragnar B. Sigurðsson
Fyrir íS	Eyjólfur Guðlaugsson Sigrún Jónsdóttir Bylgja Guðmundsdóttir Pórunn Jóhannsdóttir Hreiðar Hreiðarsson Friðrik Rúnarsson Kristján Möller Guðmundur Bragason Július Valgeirsson
Fyrir UMSK	Sigurður Hjörleifsson Kristinn Albertsson

Kjörbréfin voru síðan samþykkt öll í einu.

6. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA TIL SAMÞYKKTAR.

Kristinn Albertsson, gjaldkeri KKÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga KKÍ til samþykktar og ræddi vitt og breytt um þá. Hann benti félögum á reikning frá ÍBR upp á rúmlega 200.000 krónur. Þessi tala væri komin til sökum þess að þingið var haldið svo snemma. ÍBR hefði því ekki lokið við að sundurliða reikninga og því gætu félög búist við að skuldir þeirra ykjust að einhverju marki, eða inneign minnkað, hjá KKÍ. Kristinn vakti einnig athygli á því að unglings og kennalandslíðsnefnd sýndu hagnað á starfsemi sinni, og hrósaði hann þeim fyrir gott starf í fjármálum. A-landsliðsnefnd skildi eftir töluverðan kostnað umfram tekjur, en Kristinn benti á að hún hefði ekki starfað síðan í september á síðasta ári og hefði ekki haft tækifæri til að afla tekna upp á móti þessum kostnaði.

7. UMRÆDUR UM SKÝRSLU OG REIKNINGA STJÓRNAR.

Einar Bollason steig í pontu og hvatti menn til að tjá sig um málin því það hefði gerst allt of oft að fáir tjái sig á þingi, en fara svo heim óánægðir með þau mál sem til umfjöllunar voru. Einar varpaði því fram til umhugsunar að nauðsynlegt væri að taka til endurskoðunar reglur sem ákvarða fulltrúafjölda félaga á ársþingi. Einar tók sem dæmi, máli sínu til stuðnings að Hafnarfjörður hefur 7 fulltrúa en aðeins eitt félag en KR og ÍR aðeins 4 fulltrúa, en þau félög tefla fram liðum í öllum flokkum. UBK hefur 3 fulltrúa en sendir aðeins einn flokk til

fyrir því að niu lið skipuðu deildina kvað Einar vera að það hafi verið mat nefndarinnar að niu lið ættu erindi í Úrvalsdeild. Hann taldi tillöguna hafa bæði kosti og galla. Sumir hefðu talið að neðri liðin í deildinni væru svo léleg að þau ættu ekki erindi. En UMGF sem var í 3. sæti í 1. deild í fyrra sigraði bæði íslandsmeistarana og Bikarmeistarana á sínum heimavelli. Einar sagði að við hefðum forskot á aðrar íþróttir úti á landsbyggðinni vegna mistaka þeirra sem hönnuðu íþróttahús þar sem þau eru t.d. ekki lögleg fyrir handknattleik. Það sé þar sem vaxtarbroddurinn liggur en ekki í Reykjavík. Hann kvað kost við þessa tillögu að hún sé málamiðlun á milli þeirra sem vilja úrslitakeppni og þeirra sem séu á móti henni því úrslitakeppni sé lögisk í þessu fyrirkomulagi. Einar vildi fjölda liðum upp í 10 og vísa þessari tillögu aftur heim til föðurhúsa.

Eiríkur Sigurðsson benti á að í fyrra hafi menn talið að nauðsynlegt væri að gefa félögum eins árs aðlögunartíma vegna breytinga og las upp bréf frá 14. júní 1986 þar sem stjórn KKÍ lagði til að aðlögunartími yrði eitt ár. Þar á meðal var Björn M. Björgvinsson. að lokum spurði hann hverjir það væru sem óánægðir væru með deildinna. Skoraði hann á menn að koma upp og segja sitt álit.

Skúli Skúlason sagði deildina ekki hafa verið góða. Það hafi liðið 12 dagar á milli leikja, erfitt hafi verið að átta sig á stöðunni í deildinni þar sem lið höfðu leikið mismarga leiki. Leikmenn vilja leika fleiri leiki. Því komi hann með breytingartillögu um að 5 lið verði í hvorum riðli. Þannig er þór inni. Enn fremur að innbyrðisleikir ráði ekki lokastöðu í deildinni. Skúli las svo upp tillögu ÍBK sem sjá má á þingskjali nr. 15

Birgir Guðbjörnsson sagðist hafa verið staddur á þessum blaðamannafundi mótanefndar í byrjun keppnistímabils. Kvað það ekki rétt að menn hefðu haft allt á hornum sér heldur hafi menn gagnrýnt lengd mótsins, leikjaniðurröðun og það að eitt lið yrði að sitja hjá í hverri umferð. Birgir sagði að það sem vantaði í körfuknattleik á Íslandi væri fleiri leikir. Að lokum sagðist Birgir vera hlyntur úrslitakeppninni og sagði hana eiga fullan rétt á sér.

Eyjólfur Guðlauqsson talaði um að á alsherjarnefndarfundum hefðu allir verið á því að strax í haust þyrfti að breyta fyrirkomulaginu. Við þurftum fleiri leiki. Eyjólfur taldi fáránlegt að innbyrðisleikir ráði hverjir falla. Það á auðvitað að vera stigafjöldi. Hann átaldi Þórsara fyrir að mæta ekki á allsherjarnefndarfundi og standa þar fyrir málí sínu. Enn fremur taldi Eyjólfur að það félag sem er í efsta sæti ætti að fá alla innkomu af 3. leik í úrslitakeppni ef til hans kæmi.

Einar Bollason benti á að ef tillaga ÍBK yrð samþykkt þýddi hún 26 leiki á lið og ef menn eru einnig að tala um fasta leikdaga þá vildi hann fá álit á hvort möguleiki væri að koma leikjum fyrir í sumum íþróttahúsum. Hann kom einnig fram með ábendingu til laga og leikreglnanefndar um breytingu á Bikarkeppni KKÍ þannig að þar verði aðeins leikin ein umferð í stað heima og heiman eins og nú er.

Eyjólfur Guðlaugsson kom fram með tillögu um breytingu á tekjuskiptingu á þriðja leik í úrslitakeppninni ef til hans kemur (sjá þingskjal nr. 16).

Július Valgeirsson lýsti yfir andstöðu UMFN við úrslitakeppni, en þeir gætu þó sætt sig við tillögu í BK.

Kristinn Albertsson benti á að leikir við lið í hinum riðlinum hefðu tilgang til þess að afla sér rétt til heimaleikja í úrslitakeppninni. Möguleiki væri á að selja riðlana til fyrirtækja og nefna þá eftir þeim. Hann taldi eðlilegt að dregið yrði í riðla.

Ragnar Sigurðsson vildi fá skýringu við 1. deildina, hvað ætti að gera fyrir hana.

Heimir Jónasson leggur fram tillögu um að íslandsmótið verði selt (sjá þingskjal nr. 17). Vill að hugað verði betur að markaðsmálum fyrir KKÍ Bendir á möguleika til að auka áhuga almennings á íþróttinni.

Eiríkur Sigurðsson benti á að þór væri ekki að hætta í körfuknattleik. Sögusagnir um slíkt væru ósannar. Vildi hann að þingskjal nr. 2 verði dautt og ómerkt.

Björn M. Björgvinsson fagnað þeirri miklu umræðu sem hér hafi farið fram og kvað tilgangi stjórnar með framkominni tillögu náð.

Samþykkt var að vísa þingskjali nr. 2 til laga og leikreglnanefndar ásamt breytingartillögum frá ÍBK (Þingskjal nr. 15), Heimi Jónasyni (þingskjal nr. 16) og frá Eyjólfri Guðlaugssyni (þingskjal nr. 17).

Þingskjali nr. 3 var vísað til laga og leikreglnanefndar.

Þá var gefið kaffihlé.

Kristinn Albertsson hafði framsögu um þingskjal nr. 4. Hann minnstist á gott dómaranámskeið sem haldið var síðastliðið haust og talaði um að dóaranefnd muni setja dómara á alla leiki í bikarkeppni yngri flokka verði þessi tillaga samþykkt.

Eiríkur Sigurðsson spurði um ýmis mál varðandi sektir ef félag ætti ekki tilskilinn fjölda dómara.

Samþykkt var að vísa þingskjali nr. 4 til Allsherjarnefndar
Samþykkt var að vísa þingskjali nr. 5 til Allsherjarnefndar
Samþykkt var að vísa þingskjali nr. 6 til Allsherjarnefndar

Gunnar Jóakimsson kom fram með athugasemd við orðið "skal" í þingskjali nr. 7.

Skúli Skúlason ræddi um að b) liður tillögunnar væri of strangur. Hann lagði fram breytingartillögu sem vísað var til allsherjarnefndar ásamt þingskjali nr. 7.

Eiríkur Sigurðsson kvaddi sér hljóðs um þingskjal nr. 8 og vildi fá umræður um þessa tillögu.

Eyjólfur Guðlaugsson hvatti félög frekar til að ráða sér erlendan þjálfara frekar en erlenda leikmenn.

Kristinn Albertsson skýrði út einstaka liði tillögunnar og benti á hugmyndir sem liggja á bak við hana. Hann varpaði fram þeirri spurningu til félaganna hvað þau ætti að gera til að fá fólk á leiki. Enn fremur kom Kristinn inn á að það væri álit leikmanna sem og íþróttblaðamanna að æskilegt væri fyrir körfuknattleikinn að leyfa erlenda leikmenn.

Gunnar Jóakimsson benti á að þeir sem bæru ábyrgð á rekstri félaganna væru stjórnarmenn en ekki blaðamenn og ættum við ekki að láta blaðamenn ráða gerðum okkar.

Skúli Skúlason taldi það ekki skipta máli fjárhagslega fyrir félögin hvort erlendir leikmenn yrðu leyfðir eða ekki. Það væri þegar farið að greiða þjálfurum yngri flokka það mikil laun, að ef erlendur leikmaður þjálfaði 2-3 yngri flokka þá væru launin nánast komin.

Friðrik Jónsson taldi ekki þörf á erlendum leikmönnum. Frekar væri þörf á erlendum þjálfurum. Það ætti að nýta það fjármagn sem félög hefðu til að byggja upp yngri flokkana.

Bigir Guðbjörnsson sagði mjög brýnt að ráða erlenda þjálfara og nýta fjármagnið frekar í það. Hann talaði um reynslu íra af erlendum leikmönnum og sagði m.a. að það byrfti 2-3 umferðir á Írlandi til að ákveða hvaða erlendir leikmaður eiga að vera áfram og hverja félögin eigi að losa sig við. Írar vilja losna undan þeirri kvöð að ráða erlenda leikmenn.

Július Valgeirsson lýsti yfir samþykki sínu og UMFN við erlenda leikmenn. Fjárhagurinn sé ekki það vandamál sem menn vilja vera láta og félagsleg vandamál séu lítil sem engin.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði það vandamál að bestu íslensku leikmennirnir verða ekki betri sökum skorts á samkeppni. Einnig sagði hann það skoðun sína að auðveldara yrði að fá inn fjármagn ef menn leyfðu erlenda leikmenn þar sem menn hefðu þá eitthvað í höndunum til að selja væntanlegum styrktaraðilum. Pétur ræddi svo vitt og breytt um fjárhagshliðina og markaðssetningu.

Ágúst Tómasson tók undir þessi vandamál sem írar eiga í. Ekki viss um að erlendir þjálfarar styrki félögini.

Skúli Skúlason benti þingheim á árangur yngri flokka UMFN og íBK og sagði að þessi félög hefðu ekki áhyggjur af því að fá erlenda leikmenn sem þjálfara yngri flokka.

Þingskjali nr. 8 var vísað til allsherjarnefndar.

Björn Leósson mælti fyrir þingskjali nr. 9. Markmiðið með tillögunni væri að fá fleiri iökendur inn í boltann og einfalda flokkaskipan.

Sigvaldi Ingimundarson lagði til breytingu við A lið 7. greinar (sjá þingskjal nr. 18)

Þingskjali nr. 9 ásamt breytingartillögu var visað til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjali nr. 10 visað til laga og leikreglnanefndar.

Björn Leósson mælti fyrir þingskjali nr. 11.

Kolbeinn Pálsson benti á að keppni í Minnibolta væri ekki á því stigi að æskilegt væri að velja þar 5 manna úrvalslið.

Þingskjali nr. 11 visað til laga og leikreglnanefndar.

Þingskjali nr. 12 visað til laga og leikreglnanefndar.

Björn Björgvinsson mælti fyrir þingskjali nr. 14 a og b lið og kvað tillöguna um dómara fram komna til að hvetja íslensk félög til þátttöku í Evrópukeppnum. Hvað siðari lið þingskjalsins varðar að þá er hugsunin sú að umfjöllun fjölmíðla aukist um körfuknattleikinn þegar um fleiri en einn leik er að ræða hverju sinni. Einnig er auðveldara að auglýsa upp leiki Þegar fleiri en einn leikur er á hverjum tíma.

Elínborg Guðnadóttir benti á að upp gætu komið vandamál vegna tillögunar um leikdaga vegna þess að þjálfarar í meistaraflokkum kvenna væru oftast nær leikmenn í meistaraflokkum karla.

Eiríkur Sigurðsson kom fram með breytingartillögu um að í stað fimmtdaga komi föstudagar vegna ferðakostnaðar liða utan af landi.

Eyjólfur Guðlaugsson vildi að kvennaboltinn yrði spilaður á eftir karlauflokknum til að þær fái einhverja áhorfendur.

Fyrri hluta þingskjals nr. 14 var vísað til fjárhagsnefndar, siðari hluti til laga og leikreglnanefndar.

Fram kom tillaga til lagabreytingar (sjá þingskjal nr. 19) og leitaði þingforseti afbrigða og bar upp við þingið hvort hún yrði tekin fyrir eður ei. Samþykktu viðstaddir þingfulltrúar að taka hana fyrir með rúmlega 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa gegn einu.

Einar Bollason hafði framsögu með tillögunni og benti á að hún hefði það í för með sér að þingfulltrúum myndi fjölgja.

Matthias Viktorsson sá ekki tilgang með þessari tillögu þar sem þingfulltrúar mæta ekki einu sinni í dag.

Kolbeinn Pálsson lýsti sig samþykkan tillögunni.

Hermann Guðmundsson sagði að ekki væri hægt að miða við annað en iðkendafjölda skv. kennsluskýrslum íSÍ.

Einar Bollason sagði að alls ekki hefði verið hugmyndin að auka áhrif þéttbýliskjarnans með tillögunni enda hann sjálfur landsbygðarmaður sem Kópavogsbúi!

Tillögunni var vísað til laga og leikreglnanefndar.

Þingforseti las upp nefndarskipan

Þingfrestun kl. 17:15.

SEINNI DAGUR:

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna aftur til þings og gekk til dagskrár.

1. ÁLIT NEFNDÁ.

a) Fjárhagsnefnd.

Kristinn Albertsson mælti fyrir hönd Fjárhagsnefndar fyrir fjárhagsáætlun (sjá þingskjal nr. 13) og tillögu varðandi dómarakostnað félaga er þátt taka í Evrópukeppnum (sjá þingskjal nr. 14) og lagði til að tillögurnar yrðu samþykktar óbreyttar.

Tillögurnar (þingskjöl nr. 13 og 14) voru bornar undir atkvæði og samþykktar óbreyttar.

Nefndin kom fram með tillögu um skiptingu Lotto peninga (sjá þingskjal nr. 29) og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b) Laga og leikreglnanefnd.

Torfi Magnússon mælti fyrir hönd nefndarinnar. Eftirfarandi tillögur lágu fyrir nefndinni:

Þingskjal nr. 2. Nefndin lagði til að verulegar breytingar yrðu gerðar á þessari tillögu. Torfi kvað álit nefndarinnar byggjast að miklu leyti á tillögu frá íBK (sjá þingskjal nr. 15). Þeir leggja til að i Úrvvalsdeild verði 10 lið og leikið i 2 riðlum. Sagði það ófært að skera af eitt lið með einni samþykkt á ársþingi. Nefndin lagði til að þingið samþykki þessa tillögu með þeim breytingum sem þeir hafa gert (sjá þingskjal nr. 20)

Kristinn Albertsson sagði 1. deildina orðna mjög litla nái þessi breyting fram að ganga. Enn fremur að lið geti séð sér hag í að tapa til að lenda í auðveldari riðli á næsta ári ef fellt yrði út ákvæðin um innbyrðisviðureignir.

Hreiðar Hreiðarsson lýsti sig sammála tillögum nefndarinnar.

Eyjólfur Guðlaugsson kom fram með athugasemdir varðandi niðurröðun í sæti.

Torfi Magnússon sagði það erfitt að ákveða í hvaða sæti lið lendi sem eru í úrslitakeppninni.

Ingvar Krisinsson óskaði eftir hugmyndum um 1. deild.

Friðrik Jónsson benti á 1. deildina og vill að hún verði gerð að alvörudeild.

Tillagan (sjá þingskjal nr. 20) var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Torfi Magnússon lagði til að samþykkt yrði að leikinn yrði einn leikur á milli neðsta liðsins í Úrvalsdeild og næst efsta liðsins í 1. deild.

Tillagan borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Torfi Magnússon mælti næst fyrir þingskjali nr. 3. Lagði hann til breytingar til samræmis við þingskjal 20 sem samþykkt var. Tillagan (sjá þingskjal nr. 21) var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

Torfi Magnússon mælti með þingskjali nr. 9 og óskaði eftir að það yrði samþykkt óbreitt.

Vala Úlfliðtsdóttir mælti með breytingartillöggunni (sjá þingskjal nr. 18)

Breytingartillagan samþykkt samhljóða og þingskjalið, með áorðinni breytingu samþykkt einnig samhljóða.

Torfi Magnússon mælti með þingskjali nr. 11. Nefndin lagði til að breyting nr. 2 samræmdist ekki þeim hugsunsarhætti sem ríkja ætti í Minnibolta og því yrði minniboltinn undanskilinn. (sjá þingskjal nr. 22).

Ragnar Sigurðsson spurði hvort ekki væri rétt að spila unglingsflokk i fjölliðamótum eins og aðra flokka.

Björn Leósson taldi það fyrirkomulag óhentugt og skapa aukin vandamál.

Breytingartillaga (sjá þingskjal nr. 22) við þingskjal nr. 11 samþykkt og tillagan með áorðinni breytingu einnig.

Torfi Magnússon mælti með þingskjali nr. 12 og það samþykkt einróma.

Torfi Magnússon mælti með breytingartillögu að lögum frá Einari Bollasyni og Gísli Georgssyni (sjá þingskjal nr. 19) og óskaði eftir að tillöggunni yrði vísað til stjórnar. Var það samþykkt einróma.

Þingforseti bauð forseta ísí, Svein Björnsson, velkominn á þingið.

Sveinn Björnsson þakkaði fráfarandi stjórn KKÍ vel unnin störf og fagnaði því að þingið skuli vera svo fjölmennt. Hann benti á að ríkisvaldið hefði skorið niður fjárveitingar til

íþróttahreyfingarinnar en Lotto hefði skilað miklum peningum. Lýsti Sveinn ánægju sinni með Lotto og þann ávinning sem það hefur skilað íþróttahreyfingunni. Hann talaði um skiptingu Lotto peninga á milli Sérsambanda annars vegar og Héraðssambanda hins vegar. Hann sagði í sí vera stórhuga í byggingarframkvæmdum og að samþykkt hefði verið að hefja framkvæmdir fljótlega. Varasjóður í sí verður notaður til að fjármagna framkvæmdirnar ásamt ósóttum vinningum í Lotto. Að lokum þakkaði Sveinn Birni M. Björgvinssyni fyrir vel unnin störf og gott samstarf. Jafnframt óskaði hann þeim sem við tekur góðs gengis.

c) Allsherjarnefnd.

Kristinn Guðnason mælti fyrir þingskiali nr. 1 með þeirri breytingu að gildistími yrði aðeins eitt ár. Nefndin óskaði eftir leynglegrí atkvæðagreiðslu. Hann kom einnig inn á samkeppni við handboltann og velgengni körfuknattleiks á næsta ári.

Matthías Viktorsson sagði körfuknattleik eiga að standa undir nafni og ekki ætti að þurfa að koma til útlendinga til að rífa upp körfuknattleik. Lýsti yfir andstöðu við leynglega atkvæðagreiðslu.

Eiríkur Sigurðsson var samþykkur komu útlendinga til að blása nýju lífi í íslenskan körfuknattleik. Lærum af reynslu fyrri ára. Gott að gildistíminn sé aðeins eitt ár.

Guðmundur Guðlaugsson var sammála tillöggunni og taldi hana til góðs.

Eyjólfur Guðlaugsson taldi samanburð við handbolta ekki á rökum reistan. Benti á ýmsar leiðir til að auka áhuga á körfuknattleik s.s. klappstýrur.

Kristinn Albertsson mælti með að þingið samþykki útlendinga og vitnaði til vilja leikmanna í körfuknattleik.

Leynileg atkvæðagreiðsla fór fram og féllu atkvæði þannig að tillagan var felld með 28 atkvæðum gegn 14.

Kristinn Guðnason mælti með þingskiali nr. 4 óbreyttu.

Kristinn Albertsson svaraði ýmsum spurningum varðandi tillöguna.

Einar Bollason kom með hugmynd um að stjórn KKÍ finndi einhverja lausn á þessu máli þar sem þessari reglugerð væri erfitt að framfylgja.

Kristinn Albertsson sagði að alltaf virtist þurfa einhverja grýlu til að félögini framfylgi ýmsum reglugerðum.

Matthías Viktorsson sagði dómarálin þurfa meiri umræðu við. Sagði dómará utan af landi dæma sjaldnar. Hann nefndi svo svimandi háar upphæðir sem félög utan af landi hefðu þurft að greiða í ferðakostnað dómará.

Eiríkur Sigurðsson lýsti sig sammála síðasta ræðumanni.

Þingforseti bar tilöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með 22 atkvæðum gegn 18

Kristinn Guðnason mælti með þingskjali nr. 5 óbreyttu

Þingforseti bar tillöguna undir atkvæði og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn 4.

Kristinn Guðnason mælti með þingskjali nr. 6 með þeirri breytingu að c) liður falli út. Hann ítrekaði að stjórn KKÍ færi vel með vald sitt.

Einar Bollason taldi þessa breytingu af hinu góða. Vildi hann að skipan dómstóls KKÍ verði breytt.

Hermann Guðmundsson fjallaði um dómstóla og dómstig ísí. Kom inn á skipan aganefnda sérsambanda í dóms og refsiákvæðum ísí og vildi að þingið vísaði tillöggunni frá.

Þingskjal nr. 6 var dregið til baka af stjórn KKÍ.

Kristinn Guðnason mælti með þingskjali nr. 7 með þeim breytingum að 1. grein b) liður falli út (sjá þingskjal nr. 23)

Kristinn Albertsson vildi að b) liður yrði þá óbreyttur í fyrri reglugerð.

Þingforseti benti á að það væri eðlileg málsmæðferð.

Breytingartillagan og tillagan sjálf samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Kristinn Guðnason mælti með þingskjali nr. 14 og taldi að því ætti að vísa til stjórnar.

Eiríkur Sigurðsson sá ekki að það skipti miklu máli þó fimmtdagar yrði breytt í föstudaga.

Kristinn Albertsson tók undir þingskjal nr. 14.

Eiríkur Sigurðsson vill að liðum utan af landi sé gert mögulegt að leika two leiki í ferð.

Einar Bollason tók undir þingskjal nr. 14.

Þingskjali nr. 14 visað til stjórnar.

2. ÖNNUR MÁL:

Sigurður Lárus Hólm ræddi um skipun stjórnar á næsta starfsári og lagði til breytingu á 8. gr. í lögum KKÍ.

Þingforseti taldi tillöguna allt of seint fram komna og leitaði eftir afbrigðum til að umrædd breyting yrði tekin fyrir og samþykktu viðstaddir þingfulltrúar að umrædd breyting yrði tekin fyrir með meira en 2/3 hluta atkvæða.

Sigurður Lárus Hólm hélt áfram og taldi upp breytingar og lagði fram þingsályktunartillögu

Torfi Magnússon óskaði eftir nánari skyringum.

Sigurður Lárus Hólm taldi breytingarnar smávægilegar og sagðist geta komið á fund með laga og leikreglnanefnd og skyrt breytingarnar.

Þingforseti óskaði eftir að hlé yrði gert á störfum þingsins í 20 mín. á meðan nefndin starfaði og var það samþykkt.

Þingfundi fram haldið kl. 13:30.

Torfi Magnússon mælti með tillögu að lagabreytingu (sjá þingskjal nr. 24) með smávægilegum breytingum (sjá þingskjal nr. 25).

Ingvar Kristinsson var sammála tillöggunni en taldi að svona tillögur ættu ekki að koma til á síðustu stundu.

Sigurður Lárus Hólm vildi meina að þessi tillaga væri eitt mesta spor í framfara átt sem stigið hefði verið í íslenskum körfuknattleik.

Breytingin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

9. grein borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Kosning varamanna samþykkt samhljóða

Tillaga að lagabreytingu borin upp í heild (sjá þingskjal nr. 25) og samþykkt samhljóða.

Tillaga að breytingu á 14. grein (sjá þingskjal nr. 25) borin upp og samþykkt samhljóða.

Sigurður Lárus Hólm kom fram með þingsályktunartillögu um skipun stjórnar til bráðabirgða og var hún samþykkt samhljóða (sjá þingskjal nr. 26).

Einar Bollason mælti með ákorun til stjórnar Íþróttaskólans á Laugarvatni (sjá þingskjal nr. 27) og var hún samþykkt.

Björn M. Björgvinsson kom fram með tillögu um að dregið yrði í riðla Úrvalsdeildar skv. nýja leikskipulaginu (sjá þingskjal nr. 28).

Þingforseti bað um afbrigði til að draga í riðla í Úrvalsdeildinni og var það samþykkt með atkvæðum 2/3 viðstaddir þingfulltrúa.

Björn M. Björgvinsson mælti með tillöggunni.

Einar Bollason varpaði fram til umræðu hvaða lið eigi að skipa 10. sætið.

Björn M. Björgvinsson mælti fyrir því að UBK-ÍS spili einn leik á hlutlausum velli (sjá þingskjal nr. 29).

Samþykkt að draga í riðla og var það gert:

A-RIÐILL	B-RIÐILL
Haukar	UMFN
ÍBK	VALUR
KR	UMFG
ÍR	ÞÓR
UMFT	UBK/ÍS

Torfi Magnússon skýrði þinginu frá því að lið frá Kentucky í Bandaríkjum kæmi til Íslands í júní og að þeir hefðu boðist til að halda þjálfaranámskeið þann 11. júní 1988. Torfi talaði einnig um að sú hugmynd hefði komið upp að stofna þjálfarafélag í framhaldi af þessu námskeiði.

Kristinn Albertsson hvatti menn til að standa sameinaða um þær tillögur sem samþykktar hefðu verið á þessu þingi og láta reyna vel á þær áður en menn fáru að gagnrýna.

Eyjólfur Guðlaugsson beindi því til stjórnar að hún stæði vel að kynningu á mótafyrirkomulaginu.

3. KOSNING Í DÓMSTÓL KKÍ TIL PRIGGJA ÁRA.

Aðalmaður: Helgi Ingólfur Jónsson
 Varamaður: Árni Guðmundsson
 Kosnir einróma.

4. KOSNING Í AGANEFND KKÍ TIL PRIGGJA ÁRA.

Hrafn G. Johnsen.
 Kosinn einróma.

5. KOSNING STJÓRNAR, VARASTJÓRNAR OG ENDURSKOÐENDA.

Sigurður Lárus Hólml mælti fyrir hönd uppstillingarnefndar og bar upp tillögu um eftirfarandi menn í stjórn og nefndir KKÍ.

Formaður KKÍ:
 Ólbeinn Pálsson.
 Ekki kom fram uppástunga um aðra og var hann kosinn með lófataki.

Stjórnarmenn til tveggja ára:
 Einar Bollason
 Sigurður Hjörleifsson
 Kosnir einróma.

Bráðabirgða varastjórn sem verður hluti af stjórn er lög KKÍ hafa verði samþykkt af íþróttapíngi ÍSÍ:
 Gunnar Þorvarðarson
 Kristinn Stefánsson
 Kosnir einróma.

Varastjórn þegar lagabreytingar fá staðfestingu íþróttapings ÍSÍ:
 Kolbrún Jónsdóttir
 Friðrik Jónsson
 Eiríkur Sigurðsson.
 Kosin einróma.

Endurskoðendur KKÍ:
 Ágúst Jóhannesson
 Guðrún Ólafsdóttir
 Kosin einróma.

6. KOSNING FULLTÚA Á ÞING Í ÞRÓTTASAMBANDS ÍSLANDS

Kosning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til stjórnar.

Þingforseti lagði til að Þingriturum og Þingforseta yrði falið að ganga frá þinggerð og var það samþykkt.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir góða þingsetu og óskaði nýjum formanni farsældar í starfi og þakkaði jafnframt fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf á liðnum árum og bað svo nýkjörinn formann KKÍ, Kolbein Pálsson að slíta þinginu.

Kolbeinn Pálsson þakkaði þingfulltrúum traust það er honum hefði verið veitt og sagði það gott að taka við af fráfarandi formanni þar sem staða sambandsins væri góð. Kolbeinn þakkaði þingforseta fyrir góða fundarstjórn og forseta ÍSÍ fyrir að hafa komið og flutt ávarp og sleit svo þingi.

Þingi slitið kl. 14:30.

Hermann Guðmundsson
 Þingforseti

Ingvar Kristinsson
 Þingritari

PINGSKJAL NR. 1

Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Breyting nr. 1

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Liðgengir til þátttöku í körfuknattleiksmótum eru áhugamenn sem verið hafa félagar í því félagi sem þeir keppa fyrir, í minnst einn mánuð, áður en kappleikur fer fram. Þó er leikmanni, sem ekki hefur leikið með sinu gamla félagi á kepnnistímabilinu, heimilt að leika með nýju félagi strax eftir afhendingu tilkynningar um félagaskipti; Sjá þó reglugerð um erlenda leikmenn.

Breyting nr. 2

Neðst komi eftirfarandi:

Heimila skal einum ~~erlendum~~ leikmanni að leika með hverju félagsliði hafi tilkynning bess efnis borist til stjónar KKÍ. ~~fyrir 15. febrúar ár hvert.~~ Verða slikir leikmenn löglegir strax, að undangengnu samþykki stjórnar KKÍ, sé farið að reglum FIBA.

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 2

Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhúss skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhúss skal vera í tveim deildum Úrvalsdeild og 1. deild.

ÚRVALSDEILD: Úrvalsdeild skal skipuð átta liðum sem leika í tveimur riðlum sem auðkenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalta umferð heima og heiman við öll lið i gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Neðsta lið Úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta kepnnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeildar skal leika 2-3 leiki við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Leika skal þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum. Draga skal um það hvort liðið fær fyrst heimaleik. Við ákvörðun um hvaða lið telst neðst í Úrvalsdeild skal líta svo á að neðstu lið í riðlum A og B séu með jafnmög stig óháð raunverulegum stigafjölda. Nota skal reglugerð FIBA til að finna út hvort liðið telst þá neðar.

Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvors riðils. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 í riðli A leikur við lið númer 2 í riðli B og lið númer 1 í riðli B leikur við lið númer 2 í riðli A. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppni gilda þær reglur að það lið sem stendur betur í innbyrðisviðureignum að aflokinni riðlakeppninni skv. reglum FIBA, fær fyrsta heimaleik og þann þriðja ef til hans kemur.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur. Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð: Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í Úrslitakeppninni skulu dregin í annað hvort A eða B riðil. Þau fjögur lið sem eftir eru skulu öll sett í einn hatt og dregin í annaðhvort A eða B riðil. Riðlaskipan skal ákveðin á ársþingi KKÍ ár hvert.

1. DEILD: Skal skipuð þeim liðum

STJÓRN KKÍ

ÞINGSKJAL NR. 3

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið í
íþróttamiðstöðinni í Laugardal í maí 1988 samþykkir að
eftirtalin lið skipi Úrvalsdeild keppnistímabilið 1988-1989:

HAUKAR, UMFN, ÍBK, VALUR, KR, UMGF, ÍR, UMFT.

Íslandsmeistarar 1988 skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti
í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu
sér sæti í úrslitakeppninni 1988 skulu dregin í annað hvort A
eða B riðil. Þau fjögur lið sem eftir eru skulu öll sett í einn
hatt og dregin í annað hvort A eða B riðil.

Riðlaskipun þessi skal ákveðin á ársþingi KKÍ 1988.

STJÓRN KKÍ

ÞINGSKJAL NR. 4

Breytingartillaga við 27. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

3. Hvert félag skal tilnefna í íslandsmót eða bikarkeppni.

- a) Úrvalsdeild pr. lið þrjá dómara
- b) 1. deild karla pr. lið two dómara
- c) Meistaraflokk kvenna pr. lið einn dómara
- d) Lávarðadeild pr. lið einn dómara

Félag sem tekur þátt í íslandsmóti eða bikarkeppni skal þó aldrei eiga færri en ~~two~~ dómara (eða þríði ef lið tilkynnir einungis pátttöku í Úrvalsdeild) nema ef það tilkynnir

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 5

Breytingartillaga á reglugerð varðandi auglýsingar á búningum og búnaði körfuknattleiksliða.

3. liður orðist eftirfarandi:

Auglýsingar má aðeins setja á keppnis- og /eða æfingapeysur, skó og töskur. Setja má auglýsingu á keppnisbuxur og sokka að fengnu samþykki frá stjórn KKÍ.

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 6

Breytingartillaga við 3. grein reglugerðar fyrir aganefnd.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

Heimild til að kæra brot leikmanna, félaga eða forystumanna félags til aganefndar KKÍ hafa:

- a) Dómarar leiks.
- b) Starfsmenn leiks.
- c) Páttakendur leiks.
- d) Stjórn KKÍ.

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 7

Breytingartillaga við 6. grein reglugerðar fyrir aganefnd.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

A: Leikmenn:

1. a) Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í fyrsta sinn á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í að minnsta kosti eins leiks bann.
b) Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í annað sinn á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í að minnsta kosti tveggja leikja bann.
2. Hafi leikmaður verið kærður til aganefndar KKÍ fyrir óprúðmannlega framkomu, ofsalega framkomu eða alvarlega grófan leik, er aganefnd heimilt að refsa viðkomandi með leikbanni allt að 12 leikjum

STJÓRN KKÍ

Féloy sem órba efti lyfi fyrir að breka bilenau.

PINGSKJAL NR. 8

Skulu verða umrök frá tilslgjörne veit. Með umröknum
Svel gamari

Tillaga að reglugerð fyrir erlenda leikmenn.

1. ~ Framvísa skal dvalarleyfi, atvinnuleyfi, leyfum frá FIBA, nauðsynlegum leyfum frá heimalandi viðkomandi leikmanns svo og öðrum þeim gögnum sem kann að vera krafist, áður en stjórn KKÍ gefur út keppnisleyfi fyrir viðkomandi erlendan leikmann. ~~Erlendur leikmaður verða til samlinni og sjan verða til samþykktar getu til keppnisleyfi~~
2. Stjórn KKÍ sér um að leita leyfis hjá framkvæmdastjórn í sí fyrir erlenda leikmenn
3. Hafi erlendur leikmaður leikið með íslensku félagsliði á tímabilinu 1. september til 15. apríl í móturnum sem viðurkennd eru af KKÍ, er honum óheimilt að skipta um félag hérlandis á þessu tímabili. Stjórn KKÍ er heimilt að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef félagslið tekur þátt í Evrópukeppni þar sem heimilt er að hafa two erlenda leikmenn.
4. Erlendum leikmönnum er einungis heimilt að ganga í annað íslenskt félagslið ef fram hefur komið skriflegt samþykki þess félags sem hann hyggst ganga úr. Vísad er þó í 3. grein reglugerðar fyrir erlenda leikmenn. Þó getur félag ekki neitað að samþykka félagaskipti lengur en 8 mánuði frá og með 15. apríl.
5. Standi erlendur leikmaður hjá félagsliði ekki undir þeim kröfum sem til hans eru gerðar eða brýtur á einhvern hátt samkomulag það sem félag hefur gert við hann er félagi heimilt að fá anna erlendan leikmann í hans stað. ~~fram til og með 15. febrúar ár hvert~~

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 9

Breytingartillaga við 7. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Greinin orðist eftirfarandi:

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a) Konur:

1. aldursflokkur	19 ára og eldri
Unglingaflokkur	16, 17 og 18 ára
Stúlknaflokkur	13, 14 og 15 ára
Minnibolti	12 ára og yngri

b) Karlar:

1. aldursflokkur	21 árs og eldri
Unglingaflokkur	18, 19 og 20 ára
Drengjaflokkur	16 og 17 ára
9. aldursflokkur	15 ára
8. aldursflokkur	14 ára
7. aldursflokkur	13 ára
6. aldursflokkur	12 ára
Minnibolti	11 ára
Minnibolti	10 ára

Lávarðardeild: Leikmaður öðlast keppnisrétt í lávarðardeild frá og með þeim degi er hann verður 30 ára.

Aldur miðast við áramót, þannig að verði leikmaður 21 árs eftir áramót, er honum heimilt að leika með unglingsflokki út keppnistímabilið, en flutningur milli flokka skal fara fram í september ár hvert. Hverjum flokki má skipta í sveitir eftir styrkleika (A,B,C o.s.frv.). Þó er félagi aðeins heimilt að senda eitt lið til keppni í meistaraflokki bandalags eða íslandsmótsins. Við flokkun eftir styrkleika í A,B,C lið o.s.frv. innan sama aldursfloks, skulu gilda eftirfarandi reglur:

1. 10 leikjahæstu leikmönnum A liðs er óheimillt að leika með B liði.
2. 20 leikjahæstu leikmönnum A og B liða samanlagt, er óheimilt að leika með C liði o.s.frv.

Ekki er heimilt að færa leikmenn milli liða á meðan að keppnisriðlar (fjölliðamót) standa yfir hverju sinni.

Leiktími í opinberum körfuknattleiksmótum og leikjum er:

Konur:

1. aldursfl.	40 mín.	20 mín.	hvor hálfleikur	og 10 mín.	hlé
Unglingafl.	32 mín.	16 mín.	hvor hálfleikur	og 5. mín.	hlé
Stúlknafl.	24 mín.	12 mín.	hvor hálfleikur	og 5. mín.	hlé

ÞINGSKJAL NR. 9 FRH.**Karlar:**

1. aldursfl. 40 mín. 20 mín. hvor hálfleikur og 10 mín. hlé
 Unglingafl. 40 mín. 20 mín. hvor hálfleikur og 10 mín. hlé
 Drengjafl. 36 mín. 18 mín. hvor hálfleikur og 10 mín. hlé
 9. aldursfl. 32 mín. 16 mín. hvor hálfleikur og 5 mín. hlé
 8. aldursfl. 32 mín. 16 mín. hvor hálfleikur og 5 mín. hlé
 7. og 6. aldursfl. fyrri hálfleikur 2 X 10 mín. klukka ekki stöðvuð. 1 mín. hlé á milli og ekki skipt um körfu. Skytt er að nota 10 leikmenn í fyrri hálfleik til að ná bónusstigi. Siðari hálfleikur 1 X 12 mín. og klukka stöðvuð skv. körfuknattleiksreglum og innáskiptingar leikmanna leyfðar skv. körfuknattleiksreglum. Leikhlé leyft tvívar sinnum hjá hvorúliði. Hlé milli hálfleika er 5 minútur.

Bónusstig:

Ef lið notar 10 leikmenn í fyrri hálfleik í 6. og 7. aldursflokki, fær það bónusstig. Dæmi: Við sigur fær lið þá þrústig og tapi lið fær það eitt stig. Körfur skulu vera eins og hjá 8. aldursflokki, en í 6. aldursflokki skal leikið með minnibolta.

Leiktími í minnibolta: 4 X 10 minútur, klukka ekki stöðvuð.

UNGLINGANENFD KKÍ

ÞINGSKJAL NR. 10

Breytingartillaga við 8. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Eftirfarandi breyting verði gerð:

.....eru ekki hlutgengir í Lávarðardeild.
Öllum leikmönnum yngri aldursfloks er heimilt að leika hverju sinni með öllum aldursfokkum fyrir ofan sinn eigin, nema i Lávarðadeild, þar gilda undantekningalaust ákvæði 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót. Tíu leikjahæstu menn

UNGLINGANEFND KKÍ

ÞINGSKJAL NR. 11

Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Breyting nr. 1:

Í 6., 7., 8., 9., aldursflokki, drengjaflokki, stúlknaflokkum og unglingsflokki kvenna, svo og í minniboltaflokkum skal skipta liðum í 4 - 6 liða riðla par sem þátttaka leyfir. Stefnt skal að því að Minnibolta 10 ára, 7. flokkur, drengjaflokkur og minnibolti kvenna leiki saman um helgi, Minnibolti 11 ára, 8. flokkur og stúlknaflokkur um aðra og 6. flokkur, 9. flokkur og unglingsflokcur kvenna um þá þriðju.

Keppni þessi.....

Breyting nr. 2:

KKÍ ber að tilnefna minnst einn dómara til umsjónar með hverri keppni. Hann starfar sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál er upp kunna að koma eftir að keppni er hafin. Þá skal hann einnig í samvinnu við umsjónaraðila keppninnar, sjá til þess að þjálfarar liðanna sem í keppninni eru, velji 5 manna úrvalslið keppninnar (2 bakverði, 2 framherja og 1 miðherja). Úrslit úr vali þessu skulu kunngerð í lok keppninnar.

Í 8., 7., 6. flokki, í Minniboltaflokkunum og í stúlknaflokkum skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Breyting nr. 3:

Í unglingsflokki karla skal leikið í einum riðli (deild). Leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman. Það lið sem flest stig hlýtur er íslandsmeistari. Stjórn KKÍ er einnig heimilt að standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla, verði þátttaka næg.

Unglinganeftnd KKÍ

PINGSKJAL NR. 12

Breytingartillaga við 16. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KKÍ sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokki karla og kvenna
- b) Unglingaflokki karla og kvenna
- c) Drengjaflokki
- d) Stúlknafllokki
- e) 9. aldursflokki
- f) 8. aldursflokki

Framkvæmd Bikarkeppninnar.....

UNGLINGANEFND KKÍ

PÍNGSKJAL NR. 13

FJÁRHAGSÁETLUN KKÍ 1.5. 1988 - 30.4. 1989

TEKJUR:

Þáttökugjöld i íslandsmóti.....	540.000
Tekjur af leikjum.....	120.000
Tekjur af leikskrá.....	60.000
Sjónvarpsréttindi.....	500.000
Þáttökugjöld i Bikarkeppni.....	145.000
Útbreiðslustyrkur íSÍ.....	923.000
Lotto.....	2.800.000
Selt kennsluefní.....	105.000
Polar-Cup, Auglýsingar ofl.....	1.050.000
Aðrar fjáraflanir, samningar ofl.....	3.317.000
Samtals	9.560.000

GJÖLD:

Íslandsmót.....	195.000
Ósundurliðaður kostn. v/móta.....	500.000
Bikarkeppni.....	75.000
Framkvæmdastjóri.....	850.000
Akstur.....	85.000
Rekstur skrifstofu.....	330.000
Þinghald, fundir, gjafir ofl.....	195.000
Ýmis kostnaður.....	150.000
Framlag KKÍ v/Polar-Cup.....	150.000
Polar Cup.....	1.345.000
Landslið KKÍ.....	5.500.000
Fræðslumál.....	185.000
Samtals	9.560.000

STJÓRN KKÍ

PINGSKJAL NR. 14

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands, haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal daganna 7-8. maí samþykkir að stjórn KKÍ skuli styrkja þau lið sem taka þátt í Evrópukeppnum keppnistímabilið 1988-1989 með því að greiða ferðakostnað þeirra dómara em tilnefndir verða til að dæma heimaleik þessara félags í Evrópukeppni

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands, haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal daganna 7-8. maí, beinir því til stjórnar KKÍ að beita áhrifum sínum í þá átt að leikir í Úrvvalsdeild fari fram á þriðjudögum, fimmtudögum og sunnudögum næsta keppnistímabil.

Stjórn KKÍ

Breytingartillaga við þingskjal nr. 2.

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhús skal vera í tveim deildum, Úrvalsdeild og 1. deild.

ÚRVALSDEILD: Úrvalsdeild skal skipuð 10 liðum sem leika í tveimur riðlum sem aukenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalda umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Síðan eru riðlarnir sameinaðir og lið raðast í lokastöðu Úrvaldeilda samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Efsta lið Úrvalsdeilda telst vera Úrvalsdeildarmeistarar. Neðsta lið Úrvalsdeilda fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvalsdeilda skal leika 2-3 leiki við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvalsdeild að ári. Leika skal þar til annað liðið hefur sigrað í tveimur leikjum. Draga skal um það hvort liðið fær fyrst heimaleik og hugsanlega þriðja leik.

Að lokinni riðlakeppni Úrvalsdeilda hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvors riðils. Úrslitakeppnin skal háð þannig að lið númer 1 í riðli A leikur við lið númer 2 í riðli B og lið númer 1 í riðli B leikur við lið númer 2 í riðli A. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í Úrslitakeppni gilda þær reglur að efstu liðin í riðlakeppninni fá 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppninni um Íslandsmeistararatitilinn fær það lið 1. og hugsanlega 3. leik á heimavelli, sem lent hefur ofar í Úrvalsdeildinni.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð: Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni skulu dregin í annað hvort A eða B riðil. Þau sex lið sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt, lið nr. 5 í Úrvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 6 fer í B riðil, lið nr. 7 fer í A riðil, lið nr. 8 fer í B riðil.

ÞINGSKJAL NR. 15 FRH.

Það lið sem vinnur 1. deildina fer í A riðil og það lið sem vinnur keppnina um hitt sætið i Úrvvalsdeildinni fer í B riðil.

1. DEILD: Skal skipuð þeim liðum sem ekki eru í Úrvvalsdeild, ef þátttökulið eru færri en 8 þá skal spila þrefalda umferð, ef liðin eru færri en 6 þá skal spila fjórfalda umferð.

Ársþing Kórfuknattleikssambands Íslands haldið í íþróttamiðstöðinni í Laugardal í maí 1988 semþykkir að eftirtalin lið skipi Úrvvalsdeild keppnistímabilið 1988-1989:

HAUKAR, UMFN, ÍBK, VALUR, KR, UMFG, ÍR, UMFT, ÞÓR, ÍS/UBK.

Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil, þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni skulu dregin í annað hvort A eða B riðil. Þau sex lið sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt, lið nr. 5 í Úrvvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 6 fer í B riðil, lið nr. 7 fer í A riðil, lið nr. 8 fer í B riðil. Það lið sem vann fyrstu deildina fer í A riðil og annað hvort íS eða UBK fer í B riðil.

ÍPRÓTTABANDALAG KEFLAVÍKUR.

PINGSKJAL NR. 16

Breytingartillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiks-mót.

Um tekjuskiptingu í úrslitakeppni Úrvalsdeildar gilda sömu reglur og í íslandsmóti.

Eyjólfur Guðlaugsson

PINGSKJAL NR. 17.

Undirritaðir leggja til að íslandsmótið í körfuknattleik verði "selt" hvort sem spilað er í einum riðli eða fleirum.

Heimir Jónasson
Valdimar K. Guðlaugsson

PINGSKJAL NR. 18

Breytingartillaga við pingskjal nr. 9.

Körfuknattleiksmönnum er skipt í flokka sem hér segir:

a) Konur:

- 1. aldursflokkur 18 ára og eldri
- Unglingaflokkur 16 og 17 ára
- Stúlknaflokkur 13, 14 og 15 ára
- MinniBolti 12 ára og yngri

Vala Úlfþljótsdóttir

PINGSKJAL NR. 19

Tillaga um breytingu á 5. grein laga KKÍ.

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleikiðkenda og skal miðað við kennsluskýrslur hverju sinni þannig að fyrir allt að 50 iökendur komi 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 fram yfir það.....

Gísli Georgsson
Einar Bollason

PINGSKJAL NR. 20**Breytingartillaga við þingskjal nr. 2.**

Meistaramót Íslands í körfuknattleik innanhús skal halda á tímabilinu 1. október til 15. apríl. Sérráð eða þar til kvödd mótanefnd skal sjá um mótið.

Landsmót karla í meistaraflokki innanhús skal vera í tveim deildum Úrvvalsdeild og 1. deild.

ÚRVALSDEILD: Úrvvalsdeild skal skipuð 10 liðum sem leika í tveimur riðlum sem aukenndir eru A og B. Leika skal fjórfalda umferð heima og heiman innan hvors riðils. Lið A sem í fyrstu umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í annari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Jafnframt skal leika tvöfalta umferð heima og heiman við öll lið í gagnstæðum riðli. Lið A sem í fyrri umferð leikur á heimavelli gegn liði B, skal í síðari umferð leika við lið B á heimavelli þess o.s.frv. Lið raðast í lokastöðu innan riðlanna samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað. Síðan eru riðlarnir sameinaðir og lið raðast í lokastöðu Úrvaldeildar samkvæmt reglum FIBA, ef reglugerð um körfuknattleiksmót kveður ekki á um annað.

Neðsta lið Úrvvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta keppnistímabil. Næstneðsta lið Úrvvalsdeildar skal leika 1 leik við lið númer tvö í 1. deild um þátttökurétt í Úrvvalsdeild að ári. Leikurinn skal fara fram á hlutlausum velli.

Að lokinni riðlakeppni Úrvvalsdeildar hefst úrslitakeppni, með þátttöku tveggja efstu liða hvors riðils. Úrslitakeppnin skal háð bannig að lið númer 1 í riðli A leikur við lið númer 2 í riðli B og lið númer 1 í riðli B leikur við lið númer 2 í riðli A. Þau tvö lið sem fyrr sigra í tveimur leikjum leika síðan til úrslita. Það lið sem fyrr sigrar í tveimur leikjum telst Íslandsmeistari í körfuknattleik. Um leikstaði í úrslitakeppni gilda þær reglur að efstu liðin í riðlakeppnnini fá 1. og ef með þarf 3. leik á heimavelli. Í sjálfri úrslitakeppnnini um Íslandsmeistaratitilinn fær það lið 1. og hugsanlega 3. leik á heimavelli, sem lent hefur ofar í Úrvvalsdeildinni.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði lið bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Við ákvörðun um riðlaskipan skal eftirfarandi regla notuð: Íslandsmeistarar skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppnnini skulu dregin í sitt hvorn riðilinn. Þau sex lið sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt, lið nr. 5 í Úrvvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 6 fer í B riðil, 1ð nr. 7 fer í A riðil, lið nr. 8 fer í B riðil. Það lið sem vinnur 1. deildina fer í A riðil og það lið sem vinnur keppnina um hitt sætið í Úrvvalsdeildinni fer í B riðil.

PINGSKJAL NR. 20 FRH.

Stjórn KKÍ er heimilt að auðkenna riðlanna með öðrum heitum.

1. DEILD: Skal skipuð þeim liðum sem ekki eru í Úrvalsdeild....
Sigurvegari í 1. deild leikur í Úrvalsdeild að ári, en lið nr. 2
leikur við næstneðsta lið Úrvalsdeildar í leik um þátttökurétt í
Úrvalsdeild næsta keppnistímabil.

Laga og leikreglnanefnd.

PINGSKJAL NR. 21

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið i íþróttamiðstöðinni í Laugardal í maí 1988 samþykkir að eftirtalin lið skipi Úrvalsdeild keppnistímabilið 1988-1989:

HAUKAR, UMFN, ÍBK, VALUR, KR, UMGF, ÍR, UMFT, PÓR og tíunda liðið verður tilnefnt af stjórn KKÍ.

Íslandsmeistarar 1988 skulu leika í A riðli og liðið í öðru sæti í B riðli næsta keppnistímabil. Þau tvö lið önnur sem tryggðu sér sæti í úrslitakeppninni 1988 skulu dregin í sinn hvorn riðilinn. Þau sex lið, sem eftir eru skulu raðast á eftirfarandi hátt:

Lið nr. 5 í Úrvalsdeildinni fer í A riðil, lið nr. 6 fer í B riðil, lið nr. 7 fer í A riðil, lið nr. 8 fer í B riðil, það lið sem vann 1. deildina fer í A riðil og tíunda liðið fer í B riðil.

Riðlaskipun þessi skal ákveðin á ársþingi KKÍ 1988.

Laga og leikreglnanefnd.

PINGSKJAL NR. 22

Breytingartillaga við pingskjal nr. 11.

Breyting nr. 1:

í 6., 7., 8., 9., aldursflokki, drengjaflokki, stúlknaflokk og unglingsflokki kvenna, svo og í minniboltaflokkum skal skipta liðum í 4 - 6 liða riðla þar sem pátttaka leyfir. Stefnt skal að því að Minnibolta 10 ára, 7. flokkur, drengjaflokur og minnibolti kvenna leiki saman um helgi, Minnibolti 11 ára, 8. flokkur og stúlknaflokkur um aðra og 6. flokkur, 9. flokkur og unglingsflokcur kvenna um þá þriðju.

Keppni þessi.....

Breyting nr. 2:

KKÍ ber að tilnefna minnst einn dómara til umsjónar með hverri keppni. Hann starfar sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál er upp kunna að koma eftir að keppni er hafin. Þá skal hann einnig í samvinnu við umsjónaraðila keppninnar, sjá til þess að þjálfarar liðanna sem í keppninni eru, velji 5 manna úrvallslið keppninnar (2 bakverði, 2 framherja og 1 miðherja). Úrslit úr vali þessu skulu kunngerð í lok keppninnar. Þó skal ekki velja úrvallslið í Minnibolta.
í 8., 7., 6. flokki, í Minniboltaflokkunum og í stúlknaflokk skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn.

Breyting nr. 3:

í unglingsflokki karla skal leikið í einum riðli (deild). Leikin skal tvöföld umferð, heima og heiman. Það lið sem flest stig hlýtur er íslandsmeistari. Stjórn KKÍ er einnig heimilt að standa fyrir sérstakri keppni í 1. aldursflokki karla, verði pátttaka næg.

Breyting nr. 4:

Keppni í öðrum flokkum á íslandsmóti innanhúss, en í deildum karla og kvenna svo og í 1. flokki og unglingsflokki skal hagað á eftirfarandi hátt.....

Laga og leikreglnanefnd.

PINGSKJAL NR. 23Breytingartillaga við pingskjal nr. 7

A: Leikmenn:

1. a) Leikmaður, sem vísað er af leikvelli í fyrsta sinn á keppnistímabilinu, skal úrskurðaður í að minnsta kosti eins leiks bann.
2. Hafi leikmaður verið kærður til aganefndar KKÍ fyrir óprúðmannlega framkomu eða ofsalega framkomu eða alvarlega grófan leik, er aganefnd heimilt að refsa viðkomandi með leikbanni allt að 12 leikjum

Allsherjarnefnd

PINGSKJAL NR. 24

Breytingartillaga við 8. 9. og 11. grein laga KKÍ.

1. Breytingar á 8. grein:

- a) 11. töluliður 8. greinar í lögum Körfuknattleikssambands Íslands orðist svo: "Kosning formanns."
- b) 12. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 6 meðstjórnda."
- c) 13. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 1. manns i Körfuknattleiksdómstól og eins til vara. Báða til þriggja ára."
- d) Núverandi 12. töluliður verði 14. töluliður óbreyttur.
- e) 15. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 2 endurskoðenda".
- f) 16. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning fulltrúa á Íþróttaping".
- g) Núverandi 13. töluliður verði 17. töluliður óbreyttur.
- h) Núverandi 15. og 16. töluliðir verði 18. og 19. töluliðir óbreyttir.

2. Breytingar á 9. grein:

Í 9. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands breytist setningin "Stjórn KKÍ skipa fimm menn." í "Stjórn KKÍ skipa sjö menn".

Niður falli setningin: "Kjósa skal two varamenn..... ."

Úr setningunni: "Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna... ." falli burt orðin "og varamanna".

Setningin "Formaður skal kosinn til eins árs í senn" verði "Formaður skal kosinn til tveggja ára."

3. Breyting á 14. grein:

Í 14. grein laga um Körfuknattleiksmót breytist setningin "samkvæmt 8. grein 11. lið." í "samkvæmt 8. grein 13. lið."

Uppstillingarnefnd.

PINGSKJAL NR. 25

Breytingartillaga við þingskjal nr. 24.

1. Breytingar á 8. grein:

- a) 11. töluliður 8. greinar í lögum Körfuknattleikssambands Íslands orðist svo: "Kosning formanns."
- b) 12. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 6 meðstjórnenda."
- c) 13. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 1. manns í Körfuknattleiksdómstól og eins til vara. Báða til þriggja ára."
- d) Núverandi 12. töluliður verði 14. töluliður óbreyttur.
- e) 15. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning 2 endurskoðenda".
- f) 16. töluliður sömu greinar orðist: "Kosning fulltrúa á íþróttapíng".
- g) Núverandi 13. töluliður verði 17. töluliður óbreyttur.
- h) Núverandi 15. og 16. töluliðir verði 18. og 19. töluliðir óbreyttir.

2. Breytingar á 9. grein:

Í 9. grein laga Körfuknattleikssambands Íslands breytist setningin "Stjórn KKÍ skipa fimm menn." í "Stjórn KKÍ skipa sjö menn".

Í stað setningarinnar "Kjósa skal two varamenn..... ." komi "kjósa skal þrjá varamenn"

Setningin "Formaður skal kosinn til eins árs í senn" verði "Formaður skal kosinn til tveggja ára."

3. Breyting á 14. grein:

Í 14. grein laga um Körfuknattleiksmót breytist setningin "samkvæmt 8. grein 11. lið." í "samkvæmt 8. grein 14. lið."

Laga og leikreglnanefnd.

PINGSKJAL NR. 26

28. ársþing KKÍ áréttar það sem sinn skilning að sú stjórn sem kosin verður á þinginu hefji störf samkvæmt nýjum lögum um leið og íSÍ hefur samþykkt þau og beinir þeim tilmælum til kosinnar varastjórnar að þeir starfi að fullu með stjórn fram að þeim tíma.

Uppstillingarnefnd

PINGSKJAL NR. 27

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands skorar á skólastjóra og stjórn íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni að hann vinni að því að nú þegar verði settar upp keppniskörfur í hinu nýja íþróttahúsi skólans þannig að lið HSK í 1. deild geti leikið þar heimaleiki sína, svo og önnur lið sem áhuga hafa á að sækja staðinn heim.

Einar Bollason

PINGSKJAL NR. 28

Ársþing KKÍ haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal 7-8 maí 1988 leggur til að dregið verði á þessu ársþingi í riðla Úrvalsdeildar samkvæmt því leikskipulagi sem áður hefur verið samþykkt.

Björn M. Björgvinsson

PINGSKJAL NR. 29

Ársþing KKÍ haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal 7-8 maí 1988 samþykkir að UBK og íS leiki 1 leik um laust sæti í Úrvalsdeild næsta keppnistímabil. Leikið skal á hlutlausum leikvelli.

Björn M. Björgvinsson

PINGSKJAL NR. 30

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands haldið í íþróttamiðstöðinni Laugardal 7-8 maí 1988 samþykkir að ef Lotto styrkur til KKÍ fer upp fyrir 2.800.000 þá verði hann notaður til að endurgreiða þátttökugjöld hlutfallslega í Íslandsmóti, þó að hámarki 200.000.

Kristinn Albertsson
Ágúst Jóhannesson
Ásgrímur Ingólfsson

